

***BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við því að meirihluti fólks ferðist með einkabíl - R21070171***

Samkvæmt þjóðarpólssi Gallup sem birtur var í vikunni ferðast stærsti hluti Íslendinga til vinnu eða skóla á einkabíl. Alls nýta um þrír fjórðu landsmanna sér þennan ferðamáta, en aðrir fara fótgangandi, á reiðhjóli eða með almenningssamgöngum. Niðurstöðurnar eru í takti við það sem mældist í sams konar könnun fyrir þrettán árum sem segir að lítil sem engin breyting hefur átt sér stað í 13 ár. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvernig borgaryfirvöld ætla að bregðast við þessu? Einnig kom fram í niðurstöðum að íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að keyra en landsbyggðarfólkið. Umferðarteppur í Reykjavík eru margar og íþyngjandi og eru nánast allan daginn á sumum stöðum. Hyggst borgarmeirihlutinn gera eitthvað í þessum málum til að bæta ástandið?